

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 26. mars 2024

Tilvísun: 202402122 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna hafnarsvæðis á Siglufirði

Fjallabyggð hefur, með erindi dags. 27. febrúar 2024, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn 22. febrúar 2024.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði dags. 3. janúar 2024 með uppdrætti í mkv. 1:10.000 og greinargerð.

Í breytingartillögunni felst að ríkari áhersla er lögð á að Siglufjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við stærri skip í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, vöruflutningi og öryggismálum. Gert er ráð fyrir að lega stofnbrautar færist til, skilgreindar eru gönguleiðir meðfram hafnarsvæðum, afmörkun hafnarsvæða breytist og gerð nýs viðlegukants heimiluð. Þá er nýtt miðsvæði 236M skilgreint aðliggjandi núverandi miðsvæði 214M, lögun efnislosunarsvæðis 234E breytist lítillaga og þremur nýjum hverfisverndarsvæðum er bætt við.

Ekki var unnin lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi en með erindinu bárust umsagnir um lýsingu fyrir deiliskipulag hafnarsvæðisins, m.a. frá Vegagerðinni dags. 9. mars 2023. Stafræn gögn bárust með tillögunni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi atriðum:

Greinargerð

- Tilgreina þarf nánar í sérákvæðum hverjar fyrirætlanir eru á nýju miðsvæði 236M, þ.e. hvert umfang og yfirbragð fyrirhugaðrar uppbyggingar verður, hvort helst verði um íbúðir að ræða og þá hversu margar. Ef fyrirhuguð er blönduð byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis þarf að gera grein fyrir hlutfallslegri blöndun, ásamt gerð og tegund íbúðarhúsnæðis.
- Efnislosunarsvæði 234E er sýnt sem takmörkun ofan á landnotkun. Skipulagsstofnun áréttar að efnistöku- og efnislosunarsvæði er skv. skipulagsreglugerð sérstakur landnotkunarflokkur og á því ekki við að sýna ofan á annarri landnotkun með takmörkun á landnotkun eins og gert er á uppdrætti fyrir og eftir breytingu. Stofnunin bendir enn fremur á að þar sem ráðgert er að nota efni til landfyllingar á hafnarsvæðum sé æskilegt að gera grein fyrir efnislosuninni í sérákvæðum fyrir viðeigandi hafnarsvæði þar sem fram kæmu fyrirhuguð stærð landfyllinga, upplýsingar um efnisþörf og hvaðan efnið á að koma.
- Bent er á að þar sem umhverfisáhrif eru óljós hvað varðar tíðari komur skemmtiferðaskipa er hugsanlegt að áhrif á loftslag, heilsu, vatnsgæði, gróður og dýralíf verið neikvæð. Gera þarf grein fyrir áhrifum umferðar, þ.m.t. skemmtiferðaskipa, í umhverfismatskýrslu.
- Skipulagsstofnun lítur svo á að þeir umsagnaraðilar sem teknir voru fram í lýsingu fyrir deiliskipulag hafnarsvæðis verði hafðir til umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Þar sem málið er fyrst nú kynnt sem breyting á aðalskipulagi er mikilvægt að viðeigandi umsagnaraðilar fái meldingu um að málið sé til auglýsingar í Skipulagsgátt.

- Í umfjöllun um breytingar á uppdrætti þar sem nefnt er að athafnasvæði 218AT breytist mætti koma fram að 219AT falli út úr skipulagi.
- Bent er á ósamræmi í númerasetningu fyrir hafnarsvæði, hvort tveggja innan greinargerðar og á milli greinargerðar og stafrænna gagna, ýmist 235H eða 237H.
- Skipulagsstofnun bendir á, með vísan í tölulið 13.02 (sbr. tölul. 10.09) í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að framkvæmdaáform á hafnarsvæði kunni að vera tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Stafræn gögn

- Efnismagn 234E er ekki í samræmi á milli greinargerðar og stafrænna gagna, búið er að auka magnið í stafræna. Þetta þarf að samræma.
- Ef ætlunin er að stækka miðsvæði 214M eins og birtist í eigindatöflu í stafrænum gögnum þarf að sýna samsvarandi í greinargerð í landnotkunartöflu eftir breytingu.
- Í stafrænum gögnum vantar ákvæði fyrir stofnbraut og gönguleiðir.
- Nákvæmni fyrir stofnbraut og gönguleiðir ætti að vera í mkv. 1:10.000.

Sigurjón Jóhannsson

